

Föstudaginn 13. mars, 2009 - Viðskiptafréttir

Hvorki vanalegt né eðlilegt

Gagnrýnir fyrirkomulag hjá Straumi



Vilhjálmur Bjarnason

Eftir Bjarna Ólafsson bjarni@mbl.is Það fyrirkomulag að fjárfestingarsjóður í eigu Straums-Burðaráss var undir stjórn félags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar er hvorki vanalegt né eðlilegt.

Eftir Bjarna Ólafsson

bjarni@mbl.is

Það fyrirkomulag að fjárfestingarsjóður í eigu Straums-Burðaráss var undir stjórn félags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar er hvorki vanalegt né eðlilegt. Þetta segir Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.

„Þetta er bara enn eitt dæmið um hvernig tengdir aðilar skara eld að sinni köku og reyna að ná sér í aðeins meira en þeim ber,“ segir Vilhjálmur.

Segist hann ekki skilja hvernig á því standi að fjárfestingarbanki eins og Straumur hafi ekki getað rekið sjálfur fjárfestingarsjóðinn Novator One LP. Eins og fram kom í Viðskiptablaði Morgunblaðsins í gær var sjóðurinn 100% í eigu Straums, en var þó rekinn af Novator Partners, félagi í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Björgólfur var jafnframt stærsti einstaki eigandi Straums og stjórnarformaður bankans.

Segir Vilhjálmur ekki annað koma til greina en þetta fyrirkomulag hafi kostað Straum fé, enda hafi bankinn væntanlega þurft að greiða Novator Partners umsýslugjald fyrir að reka sjóðinn.

Stærstu erlendu eignir Straums átti bankinn einmitt í gegnum áður nefndan fjárfestingarsjóð, en það voru pólsku símafyrirtækin Netia og P4. Hlutur sjóðsins í Netia var á dögnum seldur til pólskra fjármálafyrirtækja fyrir um 9,1 milljarð króna, en hluturinn var um síðustu áramót sagður 10,7 milljarða króna virði.